

Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar og framlag vegna náms eða starfsþjálfunar

Umsókn um barnalífeyri vegna náms eða starfsþjálfunar og framlag vegna náms eða starfsþjálfunar fer fram rafrænt á vef Tryggingastofnunar, tr.is, Mínar síður. Með umsókn þarf að fylgja skólavottorð sem sýnir í hve mikið nám umsækjandi er skráður.

Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar

Frá 1. janúar 2014 þarf að **sækja um að nýju** og skila skólavottorði sem sýnir námsárangur á síðustu önn ásamt staðfestingu á fjölda eininga á næstu önn. Mánaðarleg upphæð greiðslna í janúar 2014 er 26.081 kr.

Rétt til barnalífeyris vegna náms eða starfsþjálfunar geta þeir átt sem eru á aldrinum 18-20 ára og eru í námi / starfsþjálfun og búa á Íslandi:

- Ef annað foreldri eða báðir eru lífeyrisþegar.
- Ef annað foreldri eða báðir eru látnir.
- Ef fyrir liggur úrskurður sýslumanns um efnaleysi meðlagsskylds foreldris.
- Ef barn er ófeðrað.

Framlag vegna náms eða starfsþjálfunar

Einungis þarf að skila umsókn þegar sótt er um í fyrsta skipti. Með umsókn þarf að fylgja skólavottorð sem staðfestir að umsækjandi stundi nám.

Rétt til framlags vegna náms eiga þeir sem eru á aldrinum 18-20 ára og eru í námi / starfsþjálfun og búa á Íslandi:

- Ef fyrir liggur úrskurður sýslumanns eða samningur staðfestur af honum um að foreldri skuli greiða framlag vegna menntunar.

Afgreiðslutími umsókna er að hámarki 4 vikur eftir að umsókn og öllum fylgigögnum hefur verið skilað inn.

Nánari upplýsingar á tr.is:

- [Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar](#)
- [Framlag vegna menntunar ungmenna](#)
- [Mínar síður](#)